

SKIPULAGSSKRÁ

Framkvæmdasjóðs Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður Háskólans á Akureyri. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Haraldur Bessason og Margrét Björgvinsdóttir, Landsbanki Íslands og Rannsóknastofnunin Neðri-Ás.

Stofnframlag er kr. 800.000. Átta hundruð þúsund krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starf Háskólans á Akureyri með hvers konar framkvæmdum og aðgerðum, sem skólanum eru til hagsbóta á hverjum tíma.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, áheiti og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að berast, auk vaxtatekna.

Helming tekna sjóðsins skal leggja við höfuðstól hans þar til höfuðstóllinn hefur náð kr. 25.000.000 miðað við lánskjaravísitölu í janúar 1994.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af bæjarstjórn Akureyrar, einum af stjórn Eyþings og einum af stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Sjóðsstjórn skal skipuð til 3ja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin annast úthlutun styrkja og semur jafnframt reglur um úthlutun.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð þeirra styrkja, sem úthlutað er hverju sinni.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Háskólans á Akureyri, er annast fjárreiður hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og birtir í árbók Háskólans á Akureyri.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum né veðsetja hann.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, styrkveitingar og annað er varðar starf sjóðsins. Gerðabækur og aðrar eigur sjóðsins skulu vera í vörslu og umsjá rektors Háskólans á Akureyri.

9. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta að fengnu samþykki allra sjóðsstjórnarmanna. Þó má aldrei breyta nafni hans og höfuðtilgangi, svo og 2., 4. og 6. gr. efnislega.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskólans á Akureyri.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1994.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

12. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals, sem er Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Glæsi-bæjar-, Öxnadals-, Skriðu- og Arnarneshreppur, allir í Eyjafjarðarsýslu. Hámarkstala er 20 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. júlí 1994.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í VI. kafla um almennt flug í XI. viðauka samningsins um Evrópska Efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans: